

# Sjálfsmynd Venusar

Þegar við skoðum málverk í fyrsta sinn er ekki óeðlilegt að spurt sé: Hvað á verkið að fyrirstilli? Við horfum á myndflötinn, litina, formin og línurnar, kikjum svo á textann sem fylgir (ef hann er til staðar) og reynum síðan að heimfæra þetta allt í samhengi upp á eigin reynsluheim. Slík „heimfærsla“ á verkinu er vinna og reynsla sem getur verið bæði gefandi og lærdómsrík og hún skapar þegar best lætur samkennd, skilning eða tilfinningu er getur búið með okkur ævilangt og haldið áfram að þróast og dafna með árunum. En spurningin getur stundum vafist fyrir okkur, og reyndar eru öll áhugaverð listaverk með einum eða öðrum hætti ráðgáta sem ekki á sér einhlítt svar.

Tökum sem dæmi splunkunýtt olumálverk eftir chileska málarann Roberto Matta (f. 1911) sem er á sýningu hans á Kjarvalsstöðum: Sjálfsmynd Venus frá Willendorf, frá árinu 1996. Ekki síst vegna nafnsins sjáum við strax vissa líkingu í formum myndarinnar við hina frægu Venusarmynd frá Willendorf, sem mun vera 25-30 þúsund ára gömul og eitt elsta forsögulega listaverkið sem varðveitt er. Nafn myndarinnar verður okkur leiðarvísir að verkinu og við spyrjum: Á þetta að vera sjálfsmynd málarans í líki þessarar frummóður með opið skaut, eða er þetta ímynduð sjálfsmynd Venusar eins og málarinn sér hana fyrir sér? Spurningin leiðir okkur strax að annarri spurningu um tengsl „sjálfsins“ og myndmálsins. Og þegar betur er að gáð þá sjáum við að formin í þessari „sjálfsmynd“ Matta

– eða öllu heldur **stillinn** – minna ekki síður á önnur verk hans sjálfs en umrædda Venusarmynd. Er myndmálið sem slíkt – eða stillinn –

## Myndlist

Ólafur Gíslason

kannski viðfangsefni myndarinnar ekki síður en hin ævafora Venusarmynd, og sér málarinn kannski líkingu með stílnum og eigin sjálfi? Með öðrum orðum: Er hann að mála eigin stíl í form Venusar og kallar myndina þess vegna „sjálfsmynd“?

Myndin vekur þannig með okkur spurningu um tengsl myndmálsins bæði við uppruna sinn og viðfang, og svarið liggur ekki í augum uppi, jafnvel þótt við höfum léreftið beint fyrir augunum. Myndin er ekki öll þar sem hún er séð og upphaf hennar og endir eru ráðgáta.


## Að sjá og hugsa

Okkur er tamt að líta á það sem við sjáum sem flatt yfirborð eða gefna staðreynd en sannleikurinn er sá að við sjáum fyrst og fremst það sem við hugsum. Við veljum ákveðna þætti úr þeim upplýsingum sem ljósið miðlar okkur á sjónhimnu augans er duga okkur í þá heildarmynd sem við **viljum** sjá. Val okkar er bundið venjum og hefð, innri og ytri aðstæðum. Þetta

á jafnt við um málarann og aðra sjáandi einstaklinga.

Í tilfelli málarans er þetta val og þessi vilji augljóslega meðvitaður og birtist í stílnum. Stillinn er aðferð málarans við að tjá tungumál málaralistarinnar. Hjá Matta er stillinn aðferð við að mála og upplifa veruleika málverksins á meðvit-  
aðan hátt.

Við sjáum þetta betur í áhuga-verðustu myndaröðinni á þessari sýningu. Það eru grænu myndirnar frá síðasta ári. Þar dregur Matta upp á léreftið með leiftrandi teikningu og flæðandi gagnsærri olumálningu eins konar myndasögudrama er sýnir greinilegan skyldleika við heim teiknimyndasögunnar og hefur til að bera sama retoríska stílinn. Það er æpandi retorík myndmálsins sem slíks. En þegar við lítum á titla þessara mynda kemur í ljós að málarinn vill jafnframt leiða athygli okkar að frumspekilegum hugtökum, eins og alheimur, vitund og kjarni: **Innsti kjarni, Fullnægging alheimsins, Bygging meðvitundarinnar, Vín alheimsins og Alheimsöngun.** Þessi frumspekilegu hugtök, sem eru bústaður þagnar, kyrrstöðu og festu, lýsa með fjarveru sinni í myndmáli Matta. Sannleikurinn í myndum hans er fölginn í flæði myndmálsins þar sem Innsti kjarninn leysist stöðugt upp í frumeindir sínar og upphafið verður ekki greint frá endinum. Við upplifum í þessum myndum að málarinn er að sprengja af sér höft frumspekilegs hugsunarháttar og boða okkur sannleika sem fölginn er í þeirri



Roberto Matta: Sjálfsmynd Venus frá Willendorf, 1996.

stundlegu upplifun er verður til í flæði myndmálsins, í flæði hugsunarinnar, í flæði hins lifandi lífs. Hver segir að þessar myndir séu málaðar af gömlum manni?

Listasafn Reykjavíkur/Kjarvalsstaðir:  
**Roberto Matta**  
september–október 1996

## Alltaf mætir auganu eitthvað nýtt

Þegar Pétur Sumarliðason, kennari og rithöfundur, lést fyrir 15 árum skildi hann eftir sig ljóð sem hann hafði sjálfur ætlað til útgáfu. Þessi ljóð hafa sonur hans og kona nú gefið út á bók sem nefnist Í erli dæguranna. Það er ekki nóg með að ljóðin séu bæði gjöful og gripandi

## Bókmenntir

Sigríður Albertsdóttir

heldur er útlit bókarinnar sérlega fallegt og vandað. Hvert ljóð er rammað inn í einfalda umgjörð sem ljær bókinni gamaldags og um leið rómantískan blæ. Slíka veislu fyrir augað er sjaldgæft að sjá í nýjum bókum og enn fremur þann fyrirmyndarfrágang að hafa efnisyfirlit fremst í bók og lista yfir upphafsorð ljóða í lok bókar.

Bókinni er skipt niður í þrjú hluta, 1. bók sem nefnist Brot, 2. bók sem heitir Við hvítan jökul og 3. bók, Í erli dæguranna. Í fyrsta og öðrum hluta er náttúran í aðalhlutverki en í þeim þriðja reikar hugur höfundar vítt og breitt og staldrar meðal annars við vatnið sem stöðugt drýpur úr mælikeri tímans (Við áramót, bls. 102). Í þessum hluta er höfundur angurvær, dálítið dapur stundum: „— Æ, hversu var farið/með þá daga?“ spyr hann í ljóðinu Allir dagarnir; en þó hann eigi engin svör og gefi engin svör felur þessi upphrópun í sér það þægilega æðruleysi sem einkennir

allan hans kveðskap. Manni líður vel við lestur þessara ljóða, þau eru hlý og ástúðleg.

Ljóðin í miðhlutanum eru hugleiðingar tengdar veru höfundar við veðurathuganir undir suðvesturhorni Vatnajökuls en þær stundaði hann í sjó sumur. Upp úr þeim hugleiðingum verða til ljóð um kynleg og stórkostleg fyrirbæri náttúrunnar:

*Frostnött og heitur dagur  
Í streng árinna glitruðu  
stálbláir steinar í botni.  
Sólin var enn bak við jökulinn.  
Frostneþja næturinnar  
enn í kullinu.  
— Og sólin heltti geislum sínum  
yfir jökulinn,  
bláhvítur ísinn  
varð að kolgráu vatni,  
æðandi, beljandi vatni  
er bruddi ís og grjóti  
með urgandi hljóði. (35)*

Þetta ljóð er aðeins eitt dæmi af mörgum um það hvernig höfundur tekst á sinn látlausa hátt að koma sterkri og lýsandi mynd til skila: hinum heillandi samruna dags og nætur, hita og kulda svo og litadýró hinnar ósnertu náttúru. Þannig eru ljóðin í miðhlutanum hvert öðru myndrænna, og svo vitnað sé í orð höfundar, þar mætir auganu alltaf eitthvað nýtt (39).

Í erli dæguranna  
Pétur Sumarliðason  
Útgefandi: Gísli Ólafur Pétursson

## Gulur, rauður, grænn og blár

Um helgina voru upphafstónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói, og einnig er komin út tónleikaskrá starfsársins 1996–1997. Áskriftartónleikunum er skipt í fjórar raðir, sem nefndar eru eftir litum regnbogans, — til að minna á að hljómsveitin „leitast við að flytja áheyrendum sínum allt litasvið tónbókmenntanna“, eins og segir í skránni.

Í gulu röðinni eru viðamikil hljómsveitarverk og einleiksverk, þar sem íslenskir einleikarar eru í aðalhlutverki. Á fyrstu gulu tónleikunum 3. október leikur Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó-konsert nr. 2 eftir Beethoven, og auk þess verða flutt Helios forleikurinn eftir Carl Nielsen og Svo mælti Zarabústra eftir Richard Strauss.

Í rauðu röðinni koma fram frægir erlendir einleikarar. Fyrstu áskriftartónleikar starfsársins, 19. september, eru einmitt úr þeirri röð; þá leikur Erling Blöndal Bengtsson Cellokonsert eftir Jón Nordal. Auk hans verður forleikurinn að Meistararsöngvurunum frá Nürnberg eftir Wagner og Sinfónía nr. 8 eftir Dvorak.

Í grænu röðinni eru vinsæl og sigild verk; fyrstu tónleikarnir í þeirri röð heita Boðið upp í dans og verða 10. og 12. október. Þar verða leikin verk meðal annars eftir Brahms, Gade, Offenbach og sinfónískir dansar úr Sögu úr Vesturbænum eftir Leonard Bernstein. Dansarar úr Listdansskóla Íslands dansa á tónleikunum.

## Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir

Í bláu röðinni eru kynningar-tónleikar í víðum skilningi þar sem tónverk, tónskáld og hljómsveitin sjálf verða kynnt. Þeir fyrstu verða 14. nóvember, og kynnir á öllum bláum tónleikum ársins er Jónas Ingimundarson.

Tónskáld starfsársins er Jón Nordal og verða leikin þrjú verk eftir hann í vetur, Cellokonsertinn áður nefndi, Bjarkamál, 13. mars, og Leiðsla, 3. apríl. Tvö önnur íslensk verk eru á dagskrá áskriftartónleikanna; Einar Jóhannesson leikur Klarinettkonsert eftir Karólinu Eiríksdóttur 7.

nóvember og Snorri Sigfús Birgisson leikur eigin píanó-konsert 30. janúar. Ef einhverjum finnst þetta naumt, þá má geta þess að á Norrænum músikdögum, sem hljómsveitin tekur þátt í 25. og 28. september, verða leikin verk eftir Hauk Tómasson, John Speight og Þorstein Hauksson. Þeir tónleikar eru meðal nokkurra aukatónleika hljómsveitarinnar í vetur; meðal annarra slíkra má nefna Tónvakann í samvinnu við Ríkisútvarpið, en þá kemur fram með hljómsveitinni sigurvegarinn í tónlistarkeppni RÚV sem fer fram þessar vikurnar, jólatónleika í Langholtskirkju, kirkjulistahátíðir á Akureyri og í Reykjavík og tónleika með útskriftarmendum tónlistarskóla.

Petri Sakari hefur verið ráðinn aðalhljómsveitarstjóri SÍ til næstu tveggja ára, en hann stýrði hljómsveitinni sem kunnugt er frá 1988 til 1993. Auk hans koma fram margir gestastjórnendur á starfsárinu.

Áskrifendur geta keypt sér viss sæti á eins marga tónleika og þeir vilja. Mestan afslátt fá þeir sem kaupa fyrirfram miða á þrjár eða fleiri tónleikaraðir.